

## 9. bekkur enska kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

---

Kennarar: Brynhildur R Vilhjálmsdóttir

9

### Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Nemendur efla færni sína í ensku, hvort sem það er ritað eða talað mál, skriflegu námi eða lestri

### Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Spotlight 9 les- og vinnubók, The fault in our star, Killing Mr Griffin og fl, Ýmislegt námsefni ef netinu, námsleikir og fleira.

### Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Vinnubók og lesbók. Hópverkefni, einstaklingsvinna og fl.

### Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, nemendur vinna ýmiskonar verkefni og skila sem er svo safnað saman og mynda símat,

### GF enska 9. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

### GF enska 9. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki. Myndað sér skoðanir á efni þeirra, lesið og tileinkað sér innihaldið í nýju samhengi.

### GF enska 9. bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

### GF enska 9. bekkur - Frásögn

- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni og af nokkru öryggi.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni af nokkru öryggi. Verið skýrmæltur og nái vel til hlustandans

### GF enska 9. bekkur - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum, og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

### GF enska 9. bekkur - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.

### GF enska 9. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.